

Fundargerð 366. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2014, föstudaginn 15. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Björn Arnaldsson og Guðmundur Kristjánsson var í símasambandi frá Ísafirði. Steinþór Pétursson og Skúli Þórðarson boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014 - 1311085HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 365. fundar frá 15. maí 2014.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Beiðni um tilnefningu í ráðgjafarnefnd um stjórn vatnamála - 1202001HA

Lagður fram tölvupóstur frá Gyðu Steinsdóttur, dags. 6. ágúst 2014, en hún var tilnefnd í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila af hafnasambandinu vegna laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í bréfinu tilkynnir að hún hafi lokið störfum hjá Stykkishólmsbæ og spyr hvort hafnasambandið vilji að hún haldi áfram í nefndinni eða hvort það vilji skipa nýjan fulltrúa.

Starfsmanni falið að afla frekari upplýsinga um nefndina og störf hennar. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

3. Bruni í Sandgerðishöfn - tryggingamál - 1407030HA

Lagt fram bréf frá Sigrúnu Árnadóttur, dags 7. júlí 2014, þar sem fjallað er um bruna sem varð í Sandgerðishöfn og vandamál í tengslum við bætur vegna tjónsins.

Til kynningar.

4. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA

Rætt um undirbúning hafnasambandsþings sem haldið verður í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð dagana 4.-5. september 2014. Lagt fram yfirlit yfir starfsnefndir þingsins.

Einnig lögð fram drög að skýrslu stjórnar 2012-2014.

Samþykkt var að leggja til eftirfarandi skipan starfsnefnda og "stýrimenn" þeirra:

Stefnumótunarnefnd

Stýrimenn: Ásthildur Sturludóttir - Hafnir Vesturbyggðar, Pétur Ólafsson - Hafnasamlag Norðurlands og Unnur Lára Bryde - Hafnarfjarðarhöfn.

Allsherjar- og fjárhagsnefnd

Stýrimenn: Gunnsteinn Ómarsson - Þorlákshöfn og Sigrún Árnadóttir - Sandgerðishöfn.

Umhverfisnefnd

Stýrimenn: Sigurður Kristmundsson - Grindavík og Ásta Pálmadóttir - Skagafjarðarhafnir.

Kjörnefnd

Stýrimenn: Kristín Soffía Jónsdóttir - Faxaflóahafnir, Ólafur Áki - Vopnafjarðarhöfn og Kristinn Jónasson - Hafnir Snæfellsbæjar.

Rætt um ályktanir, formanni falið að útbúa drög að ályktunum í samstarfi við stjórnarmenn. Ályktanirnar verða sendar aðildarhöfnum ásamt öðrum gögnum fyrir þingið.

5. Fjárhagsáætlun Hafnasambands Íslands 2015-2016 - 1408006HA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2015 og 2016 ásamt tillögu að árgjöldum aðildarhafnanna sömu ár.

Starfsmanni falið að lagfæra fjárhagsáætlunina í samræmi við umræður á fundinum.

6. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA

Lögð fram drög að skýrslu um langtímastefnu fyrir hafnir landsins ásamt athugasemdum frá Þorlákshöfn og Hafnarfjarðarhöfn.

Samþykkt að vísa stefnunni og athugasemdum til stefnumótunarnefndar sem mun fjalla um það á hafnasambandsþinginu. Einnig komu ábendingar frá hafnastjóranum í Snæfellsbæ.

7. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2014 - 1408013HA

Lögð fram skýrsla sem ber heitir Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna árið 2013.

Til kynningar.

Fundi var slitið kl. 13:00

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Guðmundur Kristjánsson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson